

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

829. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 22. apríl 2014 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Tölvupóstbréf Kærunefndar útboðsmála og bréf lögmanns Hlöðunnar ehf. til nefndarinnar.
2. Fundargerð 815. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
3. Bréf Ferðamálafélags Vestur-Húnavatnssýslu.
4. Fundagerðir Róta bs. frá 21/2 og 27/2 sl.
5. Aðalfundarboð Fasteignafélagsins Borgar ehf.
6. Ályktun ungmenna frá ráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði.
7. Bréf formanns stjórnar SSNV.
8. Fundagerðir stjórnar SSNV frá 26/2, 3/3 og 8/4 sl.
9. Upplýsingar frá Aðalfundi Veiðifélags Miðfirðinga.

Afgreiðslur:

1. Fram lagt tölvupóstbréf Kærunefndar útboðsmála og bréf lögmanns Hlöðunnar ehf. til nefndarinnar vegna útboðs Húnaþings vestra á framleiðslu skólamáltíða fyrir grunnskóla sveitarfélagsins. Byggðarráð felur sveitarstjóra að senda nefndinni umbeðin gögn og fara yfir málið með lögmanni sveitarfélagsins.
2. Til kynningar lögð fram fundargerð 815. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 10. apríl sl. Elín R. Líndal fór yfir einstök atriði fundargerðarinnar.
3. Fram lagt bréf Ferðamálafélags Vestur-Húnavatnssýslu þar sem kynnt eru ýmis verkefni sem unnið er að á vegum félagsins. Sérstaklega er fjallað um gerð líkans af Hvítserki sem ætlunin er að nýta í kynningar- og markaðsstarfi innan og utan héraðs. Óskað er eftir fjárframlagi frá Húnaþingi vestra vegna þess verkefnis. Byggðarráð hafnar erindinu og vísar til þess að sveitarfélagið hafi þegar veitt ferðamálafélaginu ríflegan styrk vegna ársins 2014. Samþykkt með 2 atkvæðum, Elín R. Líndal situr hjá við afgreiðslu þessa liðar.
4. Fram lagðar til kynningar fundagerðir Róta byggðasamlags frá 21. og 27. febrúar sl. Skúli Þórðarson, sveitarstjóri skýrði einstaka liði fundargerðanna.
5. Aðalfundarboð Fasteignafélagsins Borgar ehf. lagt fram en fundurinn verður haldinn á Gauksmýri þann 29. apríl nk. kl. 10:30. Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
6. Til kynningar lögð fram ályktun ungmenna frá ráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði sem haldin var á Ísafirði 9.-11. apríl sl.
7. Fram lagt bréf Bjarna Jónssonar, formanns SSNV dags. 10. apríl sl. þar sem gerð er grein fyrir uppgjöri á þróunarverkefninu NORCE sem leitt var af Atvinnuþróunarfélagi Norðurlands vestra á árunum 2004-2009 og hvernig gerð verður grein fyrir því uppgjöri og tekjufærslum við gerð ársreiknings SSNV fyrir árið 2013. Undir þessum dagskrárlíð lagði sveitarstjóri fram bréf Oddnýjar M. Gunnarsdóttur

bæjarfulltrúa Blönduóssbæjar dags 15. apríl sl. sem hún hefur sent til sveitarfélaga sem aðild eiga að SSNV. Í bréfinu vekur hún athygli á samskiptum sínum við stjórn SSNV vegna fyrirspurnar hennar um stjórnarsýslu o.fl. Sveitarstjóri lagði einnig fram tölvupóstbréf Bjarna Jónssonar, formanns SSNV dags. 16. apríl sl. þar sem hann gerir grein fyrir svari SSNV til Oddnýjar M. Gunnarsdóttur o.fl.. Byggðarráð leggur áherslu á að stjórn SSNV hraði eins og unnt er greinargerð um atriði er varða ofangreint uppgjör.

8. Lagðar fram til kynningar fundargerðir stjórnar SSNV frá 26/2, 3/3 og 8/4 sl.
9. Til kynningar lagðar fram upplýsingar frá aðalfundi Veiðifélags Miðfirðinga sem haldinn var í Laxahvammum þann 14. apríl sl.

Samþykkt að taka á dagskrá:

10. Lagt fram aðalfundarboð Veiðifélags Arnarvatnsheiðar og Tvídægru en fundurinn verður haldinn í Laxahvammum í kvöld, 22. apríl kl. 21:00. Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
11. Elín R. Líndal lagði fram eftirfarandi tillögu: „Byggðarráð Húnaþings vestra samþykkir að fela framkvæmda- og umhverfissviði að afla upplýsinga um möguleika á því að leggja ljósleiðara samhliða lagningu hitaveitu í dreifbýli.“ Tillagan samþykkt með 3 atkvæðum.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl:15:32

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Líndal.

Stefán E. Böðvarsson.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

Guðrún Ragnarsdóttir,
sviðsstjóri fjármála- og stjórnarsýslusviðs

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson